



Velkomin í hvíldarinnlögn Hrafnistu Hafnarfirði

Vinsamlegast athugið að um skammtímadvöl er að ræða í 4 – 6 vikur.

Herbergið er staðsett á dvalarheimili Hrafnistu.

Dvalargesti í hvíldarrýmum er velkomið að nýta sér alla almenna þjónustu Hrafnistu og taka þátt í félagsstarfi og viðburðum sem í boði eru fyrir heimilisfólk. Umsjónarhjúkrunarfræðingur tekur á móti dvalargesti og er honum til halds og trausts og kynnir fyrir viðkomandi þá þjónustu sem í boði er og veitir félagslegan stuðning og hvatningu.

Aðstandendur, jafnt sem heimilisfólk, geta leitað til umsjónarhjúkrunarfræðingsins í síma 585-3145

Mikilvægt er að láta vita af fyrirhuguðum læknisrannsóknnum, aðgerðum og/eða lyfjaendurnýjun

Í hvíldarinnlögnina er æskilegt er að hafa með sér:

- Lyf og lyfjakort
- Inniskó
- Snyrtivörur (sjampó, tannkrem, rakvél, raksápu)
- Innifatnað (föt til skiptanna), náttföt og nærföt
- Útiföt
- Létt teppi

Hér á eftir eru nokkrar hagnýtar upplýsingar:

Fatnaður/þvottur

Aðstandendur annast þvott/hreinsun á persónulegum fötum dvalargests. Vinsamlegast merkið fatnað og hjálpartæki (hægt er að nota fatatússpenna), því ef upp koma óhöpp verður þvegið á deildinni.

Sæng, koddar og sængurföt eru lögð til af Hrafnistu, nema annars sé óskað, sömuleiðis rúmföt og handklæði.

Lyf

Dvalargestur eru beðin um að koma með eigin lyf eða lyfjarúllur sem þegar hafa verið skömmtuð og fá samsvarandi lyfjaskammta með sér heim að dvöl lokinni. Þetta á einnig við um augndropa og innúðalyf. Athugið að hafa lyfjakort meðferðis.

Hjálpartæki

Dvalargestur kemur með göngugrind, hjólastól og önnur þau hjálpartæki sem eru nauðsynleg. Bleiur eru útvegaðar á deildinni.

Reykingar

Athugið að reykingar eru ekki leyfðar á herbergjum.

Matatímar

- Morgunmatur 8:45 – 10:00
- Hádegismatur 11:30 – 13:00
- Kaffi 14:30- 15:30
- Kvöldmatur 17:30 – 18:45



Ísskápur er á herberginu.

Heimsóknagestir eru velkomnir allan daginn. Húsið er læst frá kl. 22:00 til 07:00 en vaktmaður sér um að opna fyrir þeim sem koma á þeim tíma.

Af öryggisástæðum þarf að tilkynna hjúkrunarfræðingi á vakt um fjarveru.

Önnur þjónusta á Hrafnistu er m.a.:

- Hjúkrunar-/læknisþjónusta
- Endurhæfing- sundlaug- íþróttir
- Iðjuþjálfun
- Vinnustofa/virkni
- Prestþjónusta
- Fót- og snyrtiþjónusta
- Hársnyrting/hárgreiðsla
- Púttvöllur
- Boccia
- Verslun
- Bókasafn
- Banki
- Ofl.

Nánari upplýsingar veitir umsjónarhjúkrunarfræðingur.

Símanúmer og netföng:

Guðríður Sigurðardóttir, deildarstjóri.

Sími 585 - 3150

gudridur@hrafnista.is

Margrét Albertsdóttir

Félagsráðgjafi

margrer.albertsdottir.is

Sími 585-9500 gsm 664-9468

Hrafnista í Hafnarfirði

Hraunvangi 7

220 Hafnarfirði

Sími 585 3000

www.hrafnista.is

Við vonum að dvöl þín verði ánægjuleg

Bestu kveðjur

Starfsfólk Hrafnistu